

Jólin 2019



*Sólin sneri aftur enn
- er að líða vetur -
aftur gengur allt í senn
- en má gera betur.*

*Gleðileg jól og farsæl komandi ár!
Hjartans þökk fyrir hlýjan hug og vinsamleg samskipti.*

Gísli Ólafur og Ragna Freyja



Prettándaferðin í Þórsmörk 4. - 5. jan. 2020

*Föstudag 3. jan. - forfarar kanna færð og kynda skálann.
Laugardagur 4. jan. - kl. 10 frá Hvolsvelli.
Leiðir lagðar eftir veðrum og vindum.
Sunnudagur 5. jan. kl. 11 úr Langadal.
Áætluð heimkoma kl. 20.*



Sjá nánar á >> GOPfrettir.net/open/farplan

Aföll og áföll (Séð og heyrð)

Mamman gekk framhjá herbergi dóttur sinnar og varð nokkuð undrandi þegar hún sá að rúmið var frá gengið og búið að taka vel til í öllu herberginu. Á miðju rúminu var hvítt umslag - stílað: *TIL MÖMMU*

Áhyggjufull opnaði hún umslagið og las skjálfhent bréfið - en í því stóð:

Elsku mamma.

Það hryggir mig nokkuð að þurfa að segja þér með þessu bréfi að ég er hlaupin að heiman. Ég geri þetta svona til að koma í veg fyrir að þið pabbi reiðist mér. Ég hef að undanfögnu fundið sterkar tilfinningar til Ahmeds og hann er svo yndislegur þrátt fyrir öll götin, húðflúrið, skeggið og mótorhjólagaðana sína.

En það er ekki bara það, mamma mín, að ég ber svona sterkar tilfinningar til hans því ég er ólétt og Ahmed segir mér að hann sé mjög glaður yfir því. Hann er þegar búinn að kaupa hjólhýsi fyrir okkur til að búa í og hann er búinn að safna hellingi af eldiviði til að halda á okkur hita í allan vetur. Hann er búinn að segja mér að hann langi til að eignast með mér fullt af börnum og ég er svo innilega ánægð með það.

Ahmed hefur kennt mér að marjúána gerir engum illt í raun og veru og ætlar að rækta nóg af því fyrir okkur þannig að við eigum nóg af því afgangi til að skipta á því og kókaíni og e-töflum handa okkur báðum. En ég vona líka að vísindamenn finni fljótlega lækningu á Aids svo að Ahmed mínum batni, hann á það skilið!! En ég bið þig að hafa ekki áhyggjur, mamma mín, því að ég er orðin 15 ára og kann alveg að sjá um mig sjálf.

Þar að auki er Ahmed orðinn þritugur þannig að hann veit vel hvað hann er að gera.

Einhvern daginn ætla ég svo að koma í heimsókn svo að þú getir hitt öll barnabörnin þín.

Þín dóttir, Sigurborg.

PS: Mamma, - ekkert af þessu er satt. Ég er í heimsókn hjá Gunnu í næsta húsi. Mig langaði bara að láta þig vita að það er margt verra í heiminum en einkunnaspjaldið mitt - sem er í skrifborðsskúffunni. Ég elska þig. Láttu mig vita þegar það er óhætt fyrir mig að koma heim.

Ekkert hangs

Skrifstofustjórinn gengur fram á stúlku sem er að lesa í dagblaði og hefur sett fætuna upp á lágborðið framan við.

Hann segir við hana: "Hvað hefur þú í laun?"

Hún segir - bak við blaðið: "750 þúsund á mánuði".

"Þú ert sko ekki þess virði. Ég skrifa hérna ávísun upp á tvenn mánaðarlaun og þú lætur ekki sjá þig hér aftur."

Stúlkan leggur frá sér blaðið, tekur ávísunina og gengur út.

Skrifstofustjórinn horfir eftir henni - eins og til að vera viss - sér hana koma við í bankanum við hliðina og svo hverfa í fjöldann.

Þegar hann hefur róað sig lítur hann til mannsins sem hafði verið viðstaddur þar sem hann vann við næsta borð.

Skrifstofustjórinn segir með þunga: "Svona afgreiðir maður letingja í dag!"

Maðurinn lítur upp til hans en segir:

"Þessi stúlka kom hér til að gera við tölvuna mína. Hún var bæði fljótverk og verulega klár - og lauk aðgerðinni með því að senda reikninginn til gjaldkerans. Hún rekur viðgerðarfyrirtæki og liðsinnir um tölvuvinnslu og hugbúnað. Þegar mikið hefur legið við hefur það verið okkar björgun að eiga vísa hjálp frá henni - hvað svo sem nú tekur við."

* * * *

*Kveðja á klárstirndum vetri
kemur í okkar hóp -
mörgum finnst baksíðan betri.
Bestu kveðjur - frá GÓP.*

* * * *